Dvergtúnfiskur	<i>Euthynnus affinis</i>	KAW
Randatúnfiskur	<i>Katsuwonus pelamis</i>	SKJ
Túnfiskur	<i>Thunnus thynnus</i>	BFT
Hvíti túnfiskur	<i>Thunnus alalunga</i>	ALB
Suðræni túnfiskur	<i>Thunnus maccoyii</i>	SBF
Guli túnfiskur	<i>Thunnus albacares</i>	YFT
Glápari	<i>Thunnus obesus</i>	BET
Seglfiskur	<i>Istiophorus albicans</i>	SAI
Oddnefur, blámerlingur	<i>Makaira nigricans</i>	BUM
Svartmerlingur	<i>Makaira indica</i>	BLM
Spjótnefur, hvítmerlingur	<i>Tetrapturus albidus</i>	WHM
Seglfiskar	Istiophoridae	BIL
Sverðfiskur	<i>Xiphias gladius</i>	SWO
Sverðfiskar	Xiphiidae	XIP
Túnfiskar og skyldar tegundir ót.a.	Scombroidei	TUX
Slöngumakrílar ót.a.	Gempylidae	GEP
Snókur	<i>Thyrsites atun</i>	SNK
Práðbendill	<i>Trichiurus lepturus</i>	LHT
Stinglaxar ót.a.	Trichiuridae	CUT
Marbendill	<i>Lepidopus caudatus</i>	SFS
Spænskur makrill	<i>Scomber japonicus</i>	MAS
Makrílar og túnfiskar ót.a.	Scombridae	MAX
Makrílar og skyldar tegundir ót.a.	Scombroidei	MKX
Hámerar, síldarháfar	Lamnidae	MSK
Sléttháfar	Scyliorhinidae	SYX
Mannætuháfar	Carcharhinidae	RSK
Bláháfur	<i>Prionace glauca</i>	BSH
Sleggjuháfur	Sphyridae	SPY
Músháfur	<i>Mustelus mustelus</i>	SMD
Gráháfur	<i>Galeorhinus galeus</i>	GAG
Gaddháfar ót.a.	Squalidae	DGX
Háfur	<i>Squalus acanthias</i>	DGS
Trýnisháfur	<i>Squalus megalops</i>	DOP
Sænglar	Squatinidae	ASK
Skötur ót.a.	Rajiformes	SRX
Gítarfiskar, háskötur	Rhinobatidae	GTF
Sagskötur	Pristidae	SAW
Skötur ót.a.	Rajidae	RAJ
Skötutegundir	<i>Raja</i> spp.	SKA
Stingskötur	Dasyatidae (= Trygonidae)	STT
Arnarskötur	Myliobatidae	EAG
Djöflaskötur	Mobulidae	MAN
Rafmagnsskötur, hrökkviskötur	Torpedinidae	TOD
Höfðarani	<i>Callorhynchus capensis</i>	CHM
Ranafiskar ót.a.	Callorhynchidae	CAH
Skötur ót.a.	Batoidomorpha (Hypotremata)	BAI
Ýmsir háfiskar ót.a.	Selachimorpha (Pleurotremata)	SKH
Háfiskar og skötur o.s.frv.	Elasmobranchii	SKX

Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Brjóskfiskar ót.a.	Chondrychthyes	CAR
Hákettir ót.a.	Holocephali	HOL
Beinfiskar ót.a.	Osteichthyes	MZZ
Töskukrabbi	Cancer pagurus	CRE
Spámannskrabbar, steinkrabbar	Cancridae	CAD
Sundkrabbar ót.a.	Portunidae	SWM
Gaddakrabbar ót.a.	Lithodidae	KCX
Suðurskautsgaddakrabbi	Lithodes antarcticus	KCR
Rángaddakrabbi	Lithodes ferox	KCA
Afríkuþróllkrabbar	Geryon (= Chaceon) maritae	CGE
Þróllkrabbategundir ót.a.	Geryon spp.	GER
Þróllkrabbar	Geryonidae	GEY
Sjókrabbar (tíuarma) ót.a.	Reptantia	CRA
Hlýsjávarsvipuhumrar ót.a.	Panulirus spp.	SLV
Kóngasvipuhumar	Panulirus regius	LOV
Skeljasvipuhumar	Panulirus bomarus	LOK
Klettasvipuhumar	Jasus lalandii	LBC
Eyjasvipuhumar	Jasus tristani	LBT
Natalsvipuhumar	Palinurus delagoae	SLN
Strandsvipuhumar	Palinurus gilchristi	SLS
Broddhumrar, svipuhumrar ót.a.	Palinuridae	VLO
Bangsakrabbar	Scyllaridae	LOS
Indlandshafshumarlingur	Nephropsis stewarti	NES
Humrar	Nephropidae	NEX
Rækjutegund	Penaeus kerathurus	TGS
Grárækja	Penaeus indicus	PNI
Suðrhafs-rækja	Penaeus notialis	SOP
Þursarækjur ót.a.	Penaeus spp.	PEN
Rósarækja	Parapenaeus longirostris	DPS
Þursarækjur	Penaeidae	PEZ
Stríparækja	Aristeus varidens	ARV
Þróllarækjur	Aristeidae	ARI
Strandrækja	Palaemon serratus	CPR
Sólfætlur	Solenoceridae	SOZ
Hnífrækjur	Haliporoides spp.	KNI
Hnífrækja	Haliporoides triarthrus	KNS
Kutarækja	Haliporoides sibogae	JAQ
Sundkrabbar ót.a.	Natantia	DCP
Krabbadýr ót.a.	Crustacea	CRU
Sæeyra	Haliotis madae	ABP
Tyrkjahúfa	Turbo sarmaticus	GIW
Ostrur ót.a.	Ostrea spp.	OYX
Tannostra	Ostrea denticulata	ODE
Portúgölsk ostrá	Crassostrea angulata	OYP
Ostrur ót.a.	Crassostrea spp.	OYC
Grjótskel	Perna perna	MSL
Kræklingar ót.a.	Mytilidae	MSX
Disktegund (skel)	Pecten sulcicostatus	PSU
(Sand) síli ót.a.	Pectinidae	SCX
Brimskel	Mactra glabrata	MAG
Brimskeljar	Mactridae	MAT
Freyjuskeljar	Veneridae	CLV
Dósaskel	Dosinia orbignyi	DOR



Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Skeljar af lokuætt	Donax spp.	DON
Höfðaeeggskel	Solen capensis	RAC
Eggskeljar	Solenidae	SOI
Skeljar ót.a.	Bivalvia	CLX
Bleksmokkar, pokasmokkar	Sepiidae, Sepiolidae	CTL
Höfðatígulsmokkur	Loligo reynaudi	CHO
Angólusmokkur	Todarodes sagittatus angolen	SQG
Tígulsmokkur	Loligo spp.	SQC
Áttarma smokkfiskur	Octopodidae	OCT
Smokkfiskategundir ót.a.	Loliginidae, Ommastrephidae	SQU
Lindýr ót.a.	Mollusca	MOL
Suðræni loðselur	Arctocephalus pusillus	SEK
Rauðbeita	Pyura stoloni fera	SSR
Ígulkerstegund	Parechinus angulosus	URR
Sæbjúgu ót.a.	Holothurioidea	CUX
Hryggleysingjar ót.a.	Invertebrata	INV

## VESTUR-INDLANDSHAF (aðalafllasvæði 51)

Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Kjalarsíld	Hilsa kelee	HIX
E.k. kjalarsíld	Tenualosa ilisha	HIL
Mjólkurfiskur	Chanos chanos	MIL
Risaborri	Lates calcarifer	GIP
Flatfiskar ót.a.	Pleuronectiformes	FLX
Gaddflyðra	Psettodes erumei	HAI
Tunguflúrur ót.a.	Cynoglossidae	TOX
Hnakkapráður	Bregmaceros maclellandi	UNC
Þorskfiskar ót.a.	Gadiformes	GAD
Flugeldafiskur	Harpadon nehereus	BUC
Sjógranar ót.a.	Ariidae	CAX
Eðlufiskur	Saurida tumbil	LIG
Eðlufiskur	Saurida undosquamis	LIB
Kjaftavargar ót.a.	Synodontidae	LIX
Gedduálar ót.a.	Muraenesox spp.	PCX
Hafálar ót.a.	Congridae	COX
Serkfiskar	Beryx spp.	ALF
Dýrlingsblettur	Zeus japonicus	JJD
Botnlægir borrar ót.a.	Perciformes	DPX
Gaddborrar ót.a.	Epinephelus spp.	GPX
Vartarar, gaddborrar ót.a.	Serranidae	BSX
Augnafiskar ót.a.	Priacanthus spp.	BIG
Sillagínur	Sillaginidae	WHS
Falsari	Lactarius lactarius	TRF
Rúbínfiskar o.s.frv.	Emmelichthyidae	EMT
Mangróglefsari	Lutjanus argentimaculatus	RES
Hrifsarar ót.a.	Lutjanus spp.	SNA
Glefsarar, hrifsarar ót.a.	Lutjanidae	SNX
Þráðasporðar	Nemipterus spp.	THB
Þráðasporðar	Nemipteridae	THD

Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Munnfiskar ót.a.	Leiognathidae	POY
Rýtarar ót.a.	Haemulidae (= Pomadasyidae)	GRX
Suðræni baulfiskur	Argyrosomus hololepidotus	KOB
Angólubaulari	Atractoscion aequidens	AWE
Baulungar, baularar ót.a.	Sciaenidae	CDX
Sópfiskar	Lethrinidae	EMP
Flekkjategundir ót.a.	Pagellus spp.	PAX
Tannaflökkur ót.a.	Dentex spp.	DEX
Dátaflökkur	Argyrops spinifer	KBR
Uggaflekkur	Cheimerius nufar	SLD
Steinflökkur	Petrus rupestris	RER
Stubbnefnir ót.a.	Chrysoblephus spp.	RSX
Kólguflekkir, flekkir ót.a.	Sparidae	SBX
Sæskeggur	Mullus spp.	MUX
Geitafiskur	Upeneus spp.	GOX
Sæskeggjar ót.a.	Mullidae	MUM
Draupnisfiskur	Drepane punctata	SPS
Varafiskar	o.s.frv.	Labridae
WRA		
Budduskoltar	Gerres spp.	MOJ
Aborrar ót.a.	Percoidei	PRC
Kanínufiskar	Siganus spp.	SPI
Karfar ót.a.	Scorpaenidae	SCO
Indlandsflathausar	Platycephalidae	FLH
Gikkfiskar	Balistidae	TRI
Laxsíldir	Myctophidae	LXX
Hornfiskategundir	Tylosurus spp.	NED
Hálfrjónur ót.a.	Hemirhamphus spp.	HAX
Flugfiskar ót.a.	Exocoetidae	FLY
Barrakúðar	Sphyaena spp.	BAR
Hausröndungur	Mugil cephalus	MUF
Röndungar ót.a.	Mugillidae	MUL
Indverski þræðingi	Eleutheronema tetradactylum	FOT
Þræðingjar ót.a.	Polynemidae	THF
Uppsjávarborrar ót.a.	Perciformes	PPX
Vígablámi	Pomatomus saltatrix	BLU
Foringjafiskur	Rachycentron canadum	CBA
Foringjafiskar ót.a.	Rachycentridae	CBX
Brynstirtur og hrossamakríll ót.a.	Trachurus spp.	JAX
Indlandsstirtla	Decapterus russelli	RUS
Diskar	Decapterus spp.	SDX
Brynstirtlutegundir ót.a.	Caranx spp.	TRE
Sýlingar	Trachinotus spp.	POX
Höfðarafi, höfðalóðs	Seriola lalandi	YTC
Randalóðsar ót.a.	Seriola spp.	AMX
Regnbogafiskur	Elagatis bipinnulata	RRU
Gullkóngur	Gnatanodon speciosus	GLT
Tundurstirtla	Megalaspis cordyla	HAS
Drottningarfiskar	Scomberoides (= Chorinemus) spp.	QUE
Augnastirtla	Selar crumenophthalmus	BIS
Strípustirtla	Selaroides leptolepis	TRY
Brynstirtur ót.a.	Carangidae	CGX

Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Blakkur	Formio niger	POB
Gullmakríll	Coryphaena hippurus	DOL
Silfursmjörfiskur	Pampus argenteus	SIP
Hveðnar	Stromateidae	BUX
Randasardínella	Sardinella gibbosa	SAG
Indlandssardínella	Sardinelle longiceps	IOS
Sardínellur ót.a.	Sardinella spp.	SIX
Suður-afrikusardínella	Sardanops ocellatus	PIA
Holdsíld	Etrumeus teres	RRH
Ansjosutegundir	Stolephorus spp.	STO
Ansjosur ót.a.	Engraulidae	ANX
Síldir o.fl. ót.a.	Clupeoidei	CLU
Ránsíld	Chirocentrus dorab	DOB
Ránsíldir	Chirocentrus spp.	DOS
Riddaramakríll	Acanthocythium solandri	WAH
Deplamakríll	Scomberomorus ommerson	COM
Deplamakríll	Scomberomorus guttatus	GUT
Drottningarmakríll	Scomberomorus lineolatus	STS
Stórmakrílar ót.a.	Scomberomorus spp.	KGX
Barðamakríll og tünmakríll	Auxis thazard, A rochei	FRZ
Dvergtúnfiskur	Eutbynus affinis	KAW
Randatúnfiskur	Katsuwonus pelamis	SKJ
Eyjatúnfiskur	Thunnus tonggol	LOT
Hvíti túnfiskur	Thunnus alalunga	ALB
Suðræni túnfiskur	Thunnus maccoyii	SBF
Guli túnfiskur	Thunnus albacares	YFT
Glápari	Thunnus obesus	BET
Kyrrahafsseglfiskur	Istiophorus platypterus	SFA
Eyjamerlingur	Makaira mazara	BLZ
Svartmerlingur	Makaira indica	BLM
Rákamerlingur	Tetrapturus audax	MLS
Seglfiskar	Istaophoridae	BIL
Sverðfiskur	Xiphiasgladius	SWO
Túnfiskar og skyldar tegundir ót.a.	Scombroidei	TUX
Snókur	Thyrsites atun	SNK
Þráðbendill	Trichiurus lepturus	LHT
Marbendill	Lepidopus caudatus	SFS
Stinglaxar ót.a.	Trichiuridae	CUT
Spænskur makríll	Scomber japonicus	MAS
Indlandsmakríll	Rastrelliger kanagurta	RAG
Indlandsmakrílar ót.a.	Rastrelliger spp.	RAX
Makrílar og skyldar tegundir ót.a.	Scombroidei	MKX
Silkiháfur	Carcharhinus falciformis	FAL
Mannætuháfar	Carcharhinidae	RSK
Gítarfiskar, háskötur	Rhinobatidae	GTF
Sagskötur	Pristidae	SAW
Skötur ót.a.	Rajiformes	SRX
Háfiskar og skötur o.s.frv.	Elasmobranchii	SKX
Beinfiskar ót.a.	Osteichthyes	MZZ
Sundkrabbategundir	Portunus spp.	CRS
Eðjukrabbi	Scylla serrata	MUD
Tröllkrabbategundir ót.a.	Geryon spp.	GER

Íslenskt heiti	Vísindaheiti	Þriggja stafa tákn
Sjókrabbar (tíuarma) ót.a.	Reptantia	CRA
Hlýsjávarsvipuhumrar ót.a.	Panulirus spp.	SLV
Natalsvipuhumar	Palinurus delagoae	SLN
Bangsakrabbar	Scyllaridae	LOS
Andahumar	Metanephrops andamanicus	NEA
Tígristrækja	Penaeus monodon	GIT
Græn tígristrækja	Penaeus semisulcatus	TIP
Grárækja	Penaeus indicus	PNI
Þursarækjur ót.a.	Penaeus spp.	PEN
Hnífrækja	Haliporoides triarthrus	KNS
Kutarækja	Haliporoides sibogae	JAQ
Hnífrækjur	Haliporoides spp.	KNI
Sundkrabbar ót.a.	Natantia	DCP
Krabbadýr ót.a.	Crustacea	CRU
Sæeyru ót.a.	Haliotis spp.	ABX
Hettuostra	Crassostrea cucullata	CSC
Ostrur ót.a.	Crassostrea spp.	OYC
Smokkfiskar ót.a.	Cephalopoda	CEP
Bleksmokkar, pokasmokkar	Sepiidae, Sepiolidae	CTL
Tígulsmokkar	Loligo spp.	SQC
Áttarma smokkfiskar	Octopodidae	OCT
Smokkfiskategundir ót.a.	Loliginidae, Ommastrephidae	SQU
Lindýr ót.a.	Mollusca	MOL
Súpuskjaldbaka	Chelonia mydas	TUG
Sæskjaldbökur ót.a.	Testudinata	TTX
Sæbjúgu ót.a.	Holothurioidea	CUX
Hryggleysingjar ót.a.	Invertebrata	INV

## 5. VIÐAUKI

### SNIÐ FYRIR SKIL Á AFLATÖLUM FYRIR SVÆÐI UTAN NORÐUR-ATLANTSHAFS

#### Segulnæmir geymslumiðlar

*Tölvusegubönd:* Níu rása með þéttleikanum 1 600 eða 6 250 bita á tommu og EBCDIC- eða ASCII-kóðun, helst ómerkt. Ef böndin eru merkt skal tilgreina tákn um „skrárlök“.

*Disklingar:* MS-DOS-forsniðnir disklingar 3,5" 720 K eða 1,4 MB eða 5,25" 360 K eða 1,2 MB.

#### Færslusnið

Bæti nr.	Skýrsluliður	Athugasemdir
1 – 4	Land (ISO-þriggja stafa tákn)	T.d. FRA = Frakkland
5 – 6	Ár	T.d. 93 = 1993
7 – 8	Aðalfiskisvæði	34 = Miðaustur-Atlantshaf
9 – 15	Deilislavæði	3.3 = deilislavæði 3.3
16 – 18	Tegund	Þriggja stafa tákn
19 – 26	Afli	Tonn

*Aths.:*

- a) Allir aflareitir (bæti 19-26) skulu jafnaðir hægra megin og hefjast á stafbilum. Allir aðrir reitir skulu jafnaðir vinstra megin og enda á stafbilum.
- b) Aflinn er gefinn upp í lönduðu magni, reiknaður í lifandi vigt og jafnað að næsta heila tonni.
- c) Magn (bæti 19 til 26) undir hálfri einingu er skráð sem „-1“.
- d) Óþekkt magn (bæti 19 til 26) er skráð sem „-2“.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 788/96**

frá 22 apríl 1996

**um skil aðildarríkjanna á hagtölum um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eldi og ræktun í sjó og vatni er ört vaxandi grein innan fiskveiða og getur aukið við þann takmarkaða afla sem hefðbundnar fiskveiðar skila.

Hafa ber eftirlit með og, ef nauðsyn krefur, stjórn á afrakstri eldis og ræktunar í sjó og vatni til að tryggja viðunandi markaðsskilyrði.

Áhrif eldis og ræktunar í sjó og vatni á byggðapróun og umhverfið kallar í auknum mæli á hagtölur til þess að unnt sé að hafa eftirlit með þróun þessarar atvinnugreinar.

Hagtölur um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni eru nauðsynlegar til að unnt sé að hrinda stefnu bandalagsins um þróun fiskveiða í framkvæmd.

Markmið fyrirhugaðra aðgerða nást aðeins á grundvelli löggernings bandalagsins, sem mun gera framkvæmdastjórninni kleift að koma á nauðsynlegri samhæfingu tölfræðilegra upplýsinga á vettvangi bandalagsins, en söfnun hagtalna um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni og nauðsynlegt skipulag til að auka og hafa eftirlit með áreiðanleika þessara hagtalna er fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna.

Sérstök aðferð við samantekt þeirra hagtalna bandalagsins sem um er að ræða og fjalla um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni, mótuð með því að styðjast við gildandi hagtölur

aðildarríkjanna, sem er safnað í þeim tilgangi að uppfylla innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar, krefst sérlega náinnar samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, einkum innan fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE <sup>(2)</sup>.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.****Almenn ákvæði**

Hvert aðildarríki skal árlega afhenda framkvæmdastjórninni hagtölur um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni alls staðar í aðildarríkinu.

**2. gr.****Afhending gagna**

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni gögnin, sem um getur í 1. gr., í þeirri mynd sem er lýst í I. viðauka, innan níu mánaða frá lokum almanaksársins sem þau eiga við, ásamt gögnum sem aðildarríkin lýsa trúnaðargögn samkvæmt innlendra löggjöf eða vinnureglum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(3)</sup>.

Heimilt er að leggja gögnin fram á segulnæmum geymslumiðli eða í öðru formi en því sem er lýst í I. viðauka og aðildarríkin og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) koma sér saman um.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal veita aðildarríkjunum aðgang að gögnunum, sem eru lögð fram samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirvara um nauðsynlegar ráðstafanir vegna trúnaðarkvaða í hagskýrslum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 108, 1. 5. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Álit var skilað 27. mars 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

**3. gr.****Skilgreiningar**

Skilgreiningarnar, sem ber að styðjast við þegar gögn eru lögð fram, er að finna í II. viðauka. Útiloki innlendar venjur eða stjórnsýslufyrirmæli að þessum skilgreiningum sé fylgt nákvæmlega skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) um þær skilgreiningar sem er stuðst við.

**4. gr.****Gagnasöfnun**

Aðildarríki er heimilt að styðjast við úrtakskannanir eða aðrar viðeigandi heimildir við öflun gagna um helstu þætti í afrakstri eldis og ræktunar í sjó og vatni. Heimilt er að áætla aðra þætti.

Sé heildarársframleiðsla aðildarríkis undir 1 000 tonnnum er því heimilt að leggja fram áætlun um heildarframleiðsluna.

Aðildarríkið skal tilgreina hverja og eina tegund, sem er talin upp í III. viðauka, sérstaklega. Fari framleiðsla einstakra tegunda ekki yfir 1 000 tonn og sé hún ekki yfir 10% af þyngd heildarframleiðslunnar er samt sem áður heimilt að áætla framleiðsluna og leggja fram heildargögn um hana.

**5. gr.****Aðlögunartímabil og undanþágur**

1. Geti aðildarríki ekki fullnægt skilyrðum þessarar reglugerðar getur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um allt að þriggja ára aðlögunartímabil frá gildistökudegi þessarar reglugerðar til þess að ná fram öllum markmiðum reglugerðarinnar.

Á aðlögunartímabilinu er heimilt að veita aðildarríki tímabundnar undanþágur frá beitingu þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjunum um einstök atriði slíkra undanþágna.

2. Ef það veldur innlendum yfirvöldum erfiðleikum að telja með tiltekinn hluta eldis og ræktunar í sjó og vatni, sem ekki eru í réttu hlutfalli við mikilvægi þess hluta í viðkomandi aðildarríki, er heimilt að veita undanþágu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr., þar sem umræddu aðildarríki yrði heimilað að undanskilja gögn um þennan hluta í upplýsingum sínum.

3. Undanþágurnar sem veittar eru samkvæmt 2. mgr. skulu ekki gilda lengur en í þrjú ár; þó er heimilt að framlengja þær til þriggja ára í senn. Þegar aðildarríki leggur fram beiðni um framlengingu skal það senda framkvæmdastjórninni niðurstöður úrtakskönnunar þar sem fram kemur hvaða erfiðleika beiting reglugerðarinnar hefur í för með sér. Farið verður með beiðnina samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr.

**6. gr.****Nefnd**

Framkvæmdastjórnin mun setja reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar, meðal annars breytingar á afhendingarformi gagna í I. viðauka, skilgreiningunum í II. viðauka og skránni yfir tegundir í III. viðauka, að höfðu samráði við fastanefndina um landbúnaðarskýrslur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 7. gr.

**7. gr.****Málsmeðferð**

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu til fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur, hér á eftir kölluð „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um tvo mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirlitnum hér að framan.

**8. gr.****Lokaákvæði**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**W. LUCHETTI**

forseti.



## I. VIÐAUKI

## Magn fisks, krabbadýra, lindýra og þangs sem er afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni

(líffýngd í  
tönnum)

Tegund <sup>(1)</sup>	Annað vatn				Samtals <sup>(2)</sup>
	Ferskvatn <sup>(2)</sup>	Ísalt vatn <sup>(3)</sup>	Sjór <sup>(3)</sup>	Samtals <sup>(2)</sup>	
Fiskur					
Krabbadýr					
Lindýr					
Þang <sup>(4)</sup>					

<sup>(1)</sup> Samkvæmt ákvæðum 4. gr. ber að tilgreina hverja og eina tegund. Í III. viðauka er leiðbeinandi skrá yfir tegundir í eldi og ræktun í sjó og vatni.

<sup>(2)</sup> Lögbundin afhending gagna.

<sup>(3)</sup> Valfrjáls afhending gagna.

<sup>(4)</sup> Blautvigt.

## II. VIÐAUKI

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Eldi og ræktun í sjó og vatni“: ræktun lagarlífvera, meðal annars fisks, lindýra, krabbadýra og vatnaplantna. Í ræktun felst að gripið er inn í uppeldi með einum eða öðrum hætti í þeim tilgangi að auka framleiðslu, t.d. með reglulegri endurnýjun á stofni, fóðrun og verndun gegn ránfiskum. Í ræktun felst einnig að stofninn, sem verið er að rækta, er annaðhvort í eigu einstaklings eða félags; í honum kunna enn fremur að vera fólgin samningsbundin réttindi. Við hagskýrslugerð eru lagarlífverur, sem einstaklingur eða félag rækta og hefur átt allan uppvaxtartímann, taldar til ræktunar í sjó og vatni en lagarlífverur, sem almenningur nýtir sem sameiginlega auðlind, með eða án sérstaks leyfis, til fiskveiða.
- „Ferskvatn“: vatn í ám, vatnsföllum, stöðuvötnum, tjörnum og tönkum og annars staðar þar sem selta vatnsins er óveruleg að staðaldri.
- „Annað vatn“: vatn þar sem selta er ekki óveruleg árið um kring. Selta getur verið mikil að staðaldri (t.d. sjór) eða sveiflukennð (t.d. af völdum sjávarfalla eða árstíðabundinna áhrifa).
- „Sjór“: vatn með mikla seltu sem helst tiltölulega stöðug.
- „Ísalt vatn“: vatn með talsverða seltu en ekki mikla að staðaldri. Seltan getur verið talsvert breytileg vegna innstreymis ferskvatns eða sjávar.
- „Afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni“: neysluafurðir sem verða til með því að beita lágnyttja ræktunaraðferðum eða þaueldi og er talin þar með framleiðsla vatnaplantna til notkunar í iðnaði. Framleiðsla eða afurðir klakstöðva, sem eru notaðar áfram í eldi í sjó og vatni, eru ekki taldar með. Framleiðslu úr dýraríkinu ber að skrá sem jafngildi lífþyngdar í tonnum og framleiðslu vatnaplantna sem blautvigt.

## III. VIÐAUKI

## Skila ber hagtolum um afrakstur með tilliti til eftirtalinna afurða úr eldi og ræktun í sjó og vatni:

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Vísindaheiti	3ja bókstafa kóði
<b>FISKAR</b>			
Graskarpi	Grass carp (White amur)	Ctenopharyngodon idella	FCG
Vatnakarpi	Common carp	Cyprinus carpio	FCP
Gedda	Northern pike	Esox lucius	FPI
Eðalkarpi	Bighead carp	Hypophthalmichthys nobilis	BIC
Silfurkarpi	Silver carp	Hypophthalmichthys molitrix	SVC
Ferskvatnsbeinfiskar ót.a.	Freshwater fishes n.e.i.	Osteichthyes	FRF
Rútar	Roaches	Rutilus spp.	FRX
Grunnungur	Tench	Tinca tinca	FTE
Beitarfiskar ót.a.	Tilapias n.e.i.	Oreochromis spp.	TLP
Norður-Afríkugrani	North African catfish	Clarius gariepinus	CLZ
Svarti kattgrani	Black bullhead	Ictalurus melas	ITM
Fengrani	Wels (Som) catfish	Silurus glanis	SOM
Styrjur ót.a.	Sturgeons n.e.i.	Acipenseridae	STU
Bjartáll	European eel	Anguilla anguilla	ELE
Vatnasíld ót.a.	Whitefishes n.e.i.	Coregonus n.e.i	WHF
Silfurlax	Coho (= Silver salmon)	Oncorhynchus kisutch	COH
Regnbogasilungur	Rainbow trout	Oncorhynchus mykiss	TRR
Kyrrahafslaxar ót.a.	Pacific salmon n.e.i.	Oncorhynchus spp.	ORC
Atlantshafslax	Atlantic salmon	Salmo salar	SAL
Urriðar ót.a.	Trouts n.e.i.	Salmo spp.	TRO
Sjóbirtingur	Sea trout	Salmo trutta	TRS
Fjallableikja	Arctic char	Salvelinus alpinus	ACH
Lindableikja	Brook trout	Salvelinus fontinalis	SVF
Bleikjur ót.a.	Chars n.e.i.	Salvelinus spp.	CHR
Sandhverfa	Turbot	Psetta maxima	TUR
Sólflúra	Common sole	Solea vulgaris	SOL
Þorskur	Atlantic cod	Gadus morhua	COD
Barri	Seabass	Dicentrarchus labrax	BSS
Kólguflekkir ót.a.	Porgies, seabreams n.e.i.	Sparidae	SBX
Gullflekki	Gilthead seabream	Sparus auratus	SBG
Hausröndungur	Flathead grey mullet	Mugil cephalus	MUF
Röndungur ót.a.	Mullets n.e.i.	Mugilidae	MUL
Gullinrafi	Greater amberjack	Seriola dumerili	AMB
Túnfiskur	Northern bluefin tuna	Thunnus thynnus	BFT
<b>KRABBADÝR</b>			
Vatnakrabbar	Crayfishes	Astacus spp., Cambarus spp.	AYS
Risa-vatnarækja	Giant river prawn	Macrobrachium rosenbergii	PRF
Japansrækja	Kuruma prawn	Penaeus japonicus	KUP
Ferskvatnshumar	Red swamp crawfish	Procambarus clarkii	RCW
Broddakrabbi	Spinous spider crab	Maja squinado	SCR
Svipuhumrar ót.a.	Palinurid spiny lobsters n.e.i.	Palinurus spp.	CRW
Strandrækja	Common prawn	Palaemon serratus	CPR
Tígrissrækja	Giant tiger prawn	Penaeus monodon	GIT
Svipuhumar	Signal crayfish	Pacifastacus leniusculus	PCL

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Vísindaheiti	3ja bókstafa kóði
<b>LINDÝR</b>			
Risaostra	Pacific cupped oyster	Crassostrea gigas	OYG
Ostruætt	Cupped oyster	Crassostrea spp.	OYC
Ostra	European flat oyster	Ostrea edulis	OYF
Kræklingur	Blue mussel	Mytilus edulis	MUS
Miðjarðarhafskræklingur	Mediterranean mussel	Mytilus galloprovincialis	MSM
Drottningardiskur	Queen scallop	Chlamys opercularis	QSC
Risadiskur	Common scallop	Pecten maximus	SCE
Hjartaskel	Common cockle	Cardium edule	COC
Dúkaskel	Grooved carpet shell	Ruditapes decussatus	CTG
Maniluskel	Japanese (Manila) clam	Ruditapes philippinarum	CLJ
Teppisskeljar ót.a.	Carpet shells n.e.i	Tapes spp.	TPS
Freyjuskeljar	Venus clams	Veneridae	CLV
Blefkiskur	Common cuttlefish	Sepia officinalis	CTC
Kaupmannsskel	Hard clam	Mercenaria mercenaria	CLH
<b>ÞANG</b>			
Japönsk þategund ót.a.	Wakame n.e.i	Undaria spp.	UDS

ót.a.= ótilgreint annars staðar

n.e.i. = not elsewhere indicated.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/18**

**nr. 18/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að breyta bókun 31 við samninginn til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar og efla samvinnu á sviði almannavarna.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi tvær málsgreinar bætist við í 10. gr. (Almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

„ 3. Samningsaðilarnir skulu leitast við að efla samvinnu til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:

- **491 Y 0727(01):** Ályktun ráðsins 91/C 198/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 8. júlí 1991 um að bæta gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar (Stjtið. EB nr. C 198, 27. 7. 1991, bls. 1).

4. Samningsaðilarnir skulu einkum leitast við að efla samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:

- **494 Y 1110(01):** Ályktun ráðsins 94/C 313/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 31. október 1994 um að efla samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. EB nr. C 313, 10. 11. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 107.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/19**

**nr. 19/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ráð Evrópusambandsins hefur samþykkt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997<sup>(2)</sup> um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995<sup>(3)</sup> um aðstoð til skipasmíða þar sem felldar eru inn skuldbindingar þess samkvæmt OECD-samningnum varðandi eðlileg samkeppnissskilyrði í skipas-míðaiðnaðinum og skipaviðgerðum.

Fella ber úr gildi aðlögunarlið t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn vegna upptöku í EES-samninginn á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1904/96<sup>(4)</sup>, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða skal tekin upp í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95) í XV. viðauka við samninginn:

„- **397 R 2600:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 (Stjttíð. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18).“.

**2. gr.**

Aðlögunarliður t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn falli niður.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 22, 4. 6. 1998, bls. 32.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stjttíð. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5.